

Áhrif uppsagna á líðan og fjárhagsstöðu

Niðurstöður könnunar Vörðu fyrir Báruna

Nóvember 2021



Áhrif uppsagna á líðan og fjárhagsstöðu. Niðurstöður könnunnar Vörðu fyrir Bárana

Útgefandi: Varða-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Ritstjóri: Kristín Heba Gísladóttir
Höfundur: Margrét Einarsdóttir og Kristín Heba Gísladóttir
Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Margrét Einarsdóttir og Kristín Heba Gísladóttir

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN: 978-9935-9588-7-7

©Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2021

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Aðferðir og gögn	2
2.1 Mælingar	2
3 Niðurstöður	4
3.1 Fjárhagur	5
3.2 Líðan starfsfólks	7
3.3 Reynsla starfskvennanna af uppsögnunum og líðan þeirra í kjölfarið	8
4 Samantekt	11
Heimildaskrá	12

Töfluyfirlit

Tafla 1. Bakgrunnur svarenda. Fyrri fyrirlögn.	4
Tafla 2. Bakgrunnur svarenda. Seinni fyrirlögn.	5
Tafla 3. Staða á vinnumarkaði.	5
Tafla 4. Efnislegur skortur: Samanburður við meðaltöl og miðgildi úr könnun Vörðu á stöðu launafólks 2020.	6
Tafla 5. Að ná endum saman: Samanburður við meðaltöl og miðgildi úr könnun Vörðu á stöðu launafólks.	7
Tafla 6. Líðan starfsfólks.	8
Tafla 7. Líðan starfsfólks: Samanburður við líðan bankastarfsfólks eftir hrun.	8

1 Inngangur

Á seinni árum hefur endurskipulagning, niðurskurður, einkavæðing og útvistun orðin algengt stef í rekstri skipulagsheilda (Quinlan og Bohle, 2009). Slíkar breytingar eru oft gerðar í nafni betri nýtingar fjármagns en þær kalla hins vegar um leið á starfstengt óöryggi starfsfólks (Bos, Boselie og Trappenburg, 2017).

Niðurstöður rannsókna eru samhljóða um að óvissa af ýmsu tagi eykur hættuna á slæmri líðan starfsfólks (Quinlan og Bohle, 2009; Snorradóttir, Tómasson, Vilhjálmsson og Rafnsdóttir, 2015; Wilson o.fl., 2020). Sterkt samband er á milli fjárhagserfiðleika af ýmsu tagi og slæmrar andlegrar líðan (Frankham, Richardson og Maguire, 2020) og hvoru tveggja uppsagnir og atvinnuleysi eykur líkur á andlegri og líkamlegri vanlíðan þeirra sem fyrir verða (Snorradóttir o.fl., 2015). Það sama má raunar segja um efnahagskreppur. Þær hafa slæm áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks á vinnumarkaði hvort sem það heldur vinnunni eða ekki (Ettman o.fl., 2020; Sigursteinsdóttir, Rafnsdóttir og Jónsdóttir, 2017; Snorradóttir o.fl., 2015). Þannig hrakaði geðrænni og líkamlegri líðan ekki einungis á meðal þess hluta íslensks launafólks sem missti vinnuna eftir bankahrunið 2008 heldur einnig meðal þeirra sem eftir sátu og þurftu að takast á við aukið álag vegna niðurskurðar og starfsóöryggis í vinnunni (Sigursteinsdóttir o.fl., 2017; Snorradóttir o.fl., 2015). Margt bendir líka til að einkavæðing opinberrar þjónustu dragi úr vellíðan starfsfólks. Þannig sýnir skipuleg rýni á rannsóknaniðurstöðum (e. systematic review) varðandi ólík rekstrarform hjúkrunarheimila að fjárhagsleg frammistaða hagnaðardrifinna heimila sé að jafnaði betri en þeirra sem eru óhagnaðardrifin en um leið að líðan hvoru tveggja starfsfólks og heimilisfólks sé almennt verri (Bos o.fl., 2017).

Könnun þessi er unnin af Vörðu-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins af beiðni Bárunnar, stéttarfélags. Bárán óskaði eftir því að Varða kannaði áhrif og afleiðingar uppsagna á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) í byrjun árs 2021. Starfsfólki í ræstingum og þvottahúsi HSU var sagt upp störfum í kjölfar þess að ríkiskaup buðu út verkið og fengu tilboð sem var langt undir kostnaðaráætlun. Varða kannaði með tveimur rafrænum spurningakönnunum, að vori og hausti 2021, líðan og fjárhagsstöðu þeirra sem sagt var upp.

2 Aðferðir og gögn

Könnunin var ætluð félögum Bárunnar sem höfðu misst vinnuna á HSU sem voru alls 13 konur. Könnunin var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt að svara hvorri könnun einu sinni á hverju IP-númeri. Hægt var að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku. Starfsfólk Bárunnar sendi út skilaboð til sinna féлага og óskaði eftir þátttöku þeirra og fylgdu könnuninni einnig eftir með símtali. Könnunin var lögð fyrir í tvígang. Fyrst frá 26. maí til 4. júní. Seinni fyrirlögn stóð yfir frá 17. til 26. október. Fjórir þátttakendur svöruðu fyrri könnuninni og fimm þeirri seinni. Lág þátttökhlutfall í könnuninni dregur úr áreiðanleika niðurstaðnanna og því þarf að taka þeim með fyrirvara (Neuman, 2006).

2.1 Mælingar

Fjárhagslegir erfiðleikar voru mældir með tveimur mælingum. Í fyrsta lagi með spurningum sem saman mæla skort á efnislegum gæðum samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil áleigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimasíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Hins vegar var spurt: Hve erfitt/auðvelt er fyrir heimili þitt að ná endum saman? Svarmöguleikarnir voru sex (1=mjög auðvelt, 6=mjög erfitt) mældir á sexgildum hlutfallskvarða og voru svör þátttakenda lögð saman og miðgildi og meðaltal reiknuð. Þessi mæling veitir huglæga upplifun á fjárhagsstöðu sem vísar til þess að eiga ekki fyrir því sem viðkomandi einstaklingur og hans nærsamfélag telur nauðsynlegt (Moisio, 2004). Báðar mælingarnar eru fengnar úr evrópsku lífshagránnsókninni (Eurostat, e.d.) og voru báðar notaðar í könnun Vörðu á stöðu launafólks innan ASÍ og BSRB sem lögð var fyrir í nóvember til desember 2020 (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmur Stefánsson, 2021). Niðurstöður úr þeirri könnun eru notaðar sem viðmið hér.

Líðan var mæld með einni mælingu sem áður hefur verið notuð til að mæla líðan starfsfólks í kjölfar efnahagssamdráttar, niðurskurðar og uppsagna (Ásta Snorradóttir, 2009; Snorradóttir o.fl., 2015; Snorradóttir, Vilhjálmsson, Rafnsdóttir og Tómasson, 2013). Mælingin byggir á kvarða þar sem spurt er um eftirfarandi níu andleg og líkamleg einkenni: 1) Þrekleysi. 2) Svefnerfiðleikar. 3) Þungar áhyggjur. 4) Kvíði. 5) Depurð. 6) Vöðvabólga. 7) Verkir í

baki/herðum. 8) Tíðir höfuðverkir. 9) Hækkaður blóðþrýstingur. Spurt var á tvígildum kvarða (já/nei) hvort þátttakendur hefði fundið fyrir aðspurðum einkennum eftir að því var sagt upp störfum. Svörin voru lögð saman og líðanin mæld á tígildum hlutfallskvarða (0 = mjög góð líðan, 9 = mjög mikil vanlíðan). Svör þátttakenda voru lögð saman og miðgildi og meðaltal reiknuð.

3 Niðurstöður

Tafla 1 sýnir að allir svarendurnir fimm sem svöruðu fyrri könnuninni voru konur og var meðalaldur þeirra 38,4 ár. Ein kvennanna er með íslenskan uppruna en fjórar með erlendan uppruna. Tvær eru með íslenskt ríkisfang en þrjár erlent. Tvær konur eru einhleypar, tvær í sambúð og ein fráskilin/ekkjja. Ein býr ein en aðrir þátttakendur búa á heimili með tveimur til fjórum öðrum einstaklingum. Þrjár konur eru með börn undir 18 ára á heimilinu en á tveimur heimilum eru ekki búsett börn.

Tafla 1. *Bakgrunnur svarenda. Fyrri fyrirlögn.*

	N
Kyn	Fimm konur, enginn karl
Aldur	Meðalaldur 38,4 ár. Yngsta 20-24 ára, elsta 55-59 ára.
Ríkisfang	Tvær með íslenskt, þrjár með erlent.
Upprunaland	Ein frá Íslandi, fjórar frá öðru landi.
Hjúskaparstaða	Tvær einhleypar, tvær í sambúð, ein fráskilin/ekkjja.
Fjöldi á heimili	Ein býr ein á heimili, ein á tveggja manna heimili, ein á þriggja manna og tvær á fjögurra manna heimili.
Börn undir 18 á heimili	Á þremur af fimm heimilum eru búsett börn.

Tafla 2 sýnir að í seinni könnuninni svöruðu fjórar konur og einn karl. Í uppsögnunum á HSU var eingöngu konum sagt upp. Ekki er hægt að segja um hvers vegna svar barst frá einum karlkyns þátttakanda en af svörum þess þátttakanda að dæma virðist að hann sé í hópi kvennanna sem misstu starf sitt. Meðalaldur svarendanna var nokkuð hærri en meðalaldur svarenda fyrri könnunarinnar, eða 43 ár. Ísland er upprunaland tveggja svarenda og einn með íslenskt ríkisfang. Fjögur voru með erlent ríkisfang og þrjú með erlendan uppruna. Allir svarendurnir voru í sambúð eða hjónabandi, á heimili tveggja bjuggu tvær manneskjur, á heimili jafn margra bjuggu þrjár manneskjur en á heimili eins svarenda bjuggu fjórar manneskjur. Á heimilum þriggja svarenda bjuggu engin börn.

Tafla 2. *Bakgrunnur svarenda. Seinni fyrirlögn.*

	N
Kyn	Fjórar konur, einn karl
Aldur	Meðalaldur 43 ár. Yngsta 25-29 ára, elsta 65-69 ára.
Ríkisfang	Ein(n) með íslenskt, fjögur með erlent.
Upprunaland	Tvö frá Íslandi, þrjú frá öðru landi.
Hjúskaparstaða	Ein(n) í sambúð, fjögur í hjónabandi.
Fjöldi á heimili	Tvö búa á tveggja manna heimili, tvö á þriggja manna og ein(n) á fjögurra manna heimili.
Börn undir 18 á heimili	Á tveimur af fimm heimilum eru búsett börn.

Tafla 3 sýnir að stuttu eftir uppsögn voru þrír af fjórum Bárufélaganna annað hvort á atvinnuleysisbótum eða að bíða eftir að komast á slíkar bætur en að einn af fimm var komin með nýja vinnu á sambærilegum eða betri kjörum en í gamla starfinu. Enginn hafði hins vegar ráðið sig í vinnu á verri kjörum en þau höfðu áður. Þremur mánuðum síðar höfðu kjör Bárufélaganna sem sagt var upp að jafnaði batnað. Þá var enginn á atvinnuleysisbótum eða að bíða eftir að komast á bætur og tvö af fimm voru komin með nýja vinnu á sambærilegum eða betri kjörum. Eitt af fimm hafði hins vegar fengið vinnu á verri kjörum en fyrr og annar fimmtungur var á uppsagnarfresti og því að upplifa uppsögn í annað skipti á stuttum tíma. Að auki var eitt af fimm komin nálægt eftirlaunaaldri þegar viðkomandi var sagt upp og hætti á vinnumarkaði í kjölfar uppsagnarinnar.

Tafla 3. *Staða á vinnumarkaði.*

	Fjöldi	
	Vor 2021	Haust 2021
Komin með nýja vinnu á sambærilegum eða betri kjörum en í gamla starfinu	1 af 5	2 af 5
Komin með nýja vinnu en á verri kjörum en í gamla starfinu	0 af 5	1 af 5
Á uppsagnarfresti	0 af 5	1 af 5
Á atvinnuleysisbótum	3 af 5	0 af 5
Bíður eftir að komast á atvinnuleysisbætur	1 af 5	0 af 5
Annað	0 af 5	1 af 5

3.1 Fjárhagur

Í töflu 4 eru niðurstöður á meðaltölum og miðgildum mælinga á efnislegum skorti borin saman við sambærilegar mælingar úr könnun Vörðu á stöðu launafólks sem var lögð fyrir félagsfólk aðildarfélaganna ASÍ og BSRB í lok árs 2020 (Margrét Einarsdóttir o.fl., 2021). Samanburðurinn sýnir að stuttu eftir uppsagnirnar var meðaltals efnislegur skortur þeirra sem sagt var upp innan

Bárunnar hjá HSU (1,400) á pari við meðaltals efnislegan skort hjá atvinnulausum innan ASÍ og BSRB (1,340) en hins vegar verulega meiri efnislegur skortur að meðaltali en hjá launafólki innan heildarsamtakanna tveggja (0,622) og hjá öllum Bárufélögum óháð atvinnustigi (0,798). Meðaltals efnislegur skortur mælist síðan enn hærri þremur mánuðum eftir uppsögn (1,800) og benda niðurstöðurnar þannig til að efnislegur skortur hjá þeim hóp sem sagt var upp hafi að jafnaði orðið enn meiri þegar líða fór frá uppsögn þrátt fyrir að atvinnustaða hópsins hafi almennt skánað á því tímabili.

Tafla 4. Efnislegur skortur: Samanburður við meðaltöl og miðgildi úr könnun Vörðu á stöðu launafólks 2020.

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Staða launafólks 2020				
Allir	8652	0,622	0,000	0 - 9
Launafólk	6896	0,501	0,000	0 - 9
Atvinnulausir	868	1,340	1,000	0 - 9
Allir Bárufélagar		0,798	0,000	0 - 9
Bárufélagar HSU				
Vor 2021	5	1,400	0,000	0 - 6
Haust 2021	5	1,800	1,000	0 - 6

Í töflu 5 eru niðurstöður á meðaltölum og miðgildum mælinga á því hvernig gengur að ná endum síðan saman borin saman við sambærilegar mælingar úr könnun á meðal launafólks innan ASÍ og BSRB (Margrét Einarsdóttir o.fl., 2021). Samanburðurinn sýnir að stuttu eftir uppsagnirnar áttu Bárufélagarnir sem sagt var upp (3,75) að meðaltali álíka erfitt með að ná endum saman og atvinnulausir innan ASÍ og BSRB (3,65) en hins vegar mun erfiðara með það en hvoru tveggja launafólk innan heildarsamtakanna tveggja (2,79) og allir Bárufélagar óháð atvinnustigi (3,14). Þremur mánuðum síðar gekk Bárufélögunum sem sagt var upp hins vegar að meðaltali heldur betur að ná endum saman en stuttu eftir uppsögn. Niðurstöðurnar stangast þannig á við niðurstöðurnar um að efnislegur skortur hafi aukist er líða fór frá uppsögn. Ein skýring á því ósamræmi gæti verið að er líða tók á hafi þeim sem var sagt upp skorið niður útgjöld til þess að tryggja að endar nái saman (Moisio, 2004).

Tafla 5. *Að ná endum saman: Samanburður við meðaltöl og miðgildi úr könnun Vörðu á stöðu launafólks.*

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Staða launafólks				
Allir	8724	2,91	3,00	1 - 6
Launafólk	6957	2,79	3,00	1 - 6
Atvinnulausir	874	3,65	4,00	1 - 6
Allir Bárufélagar	550	3,14	3,00	1 - 6
Bárufélagar HSU				
Við uppsögn	4	3,75	3,50	3 - 5
Eftir þrjá mánuði	5	3,40	3,00	1 - 6

3.2 Líðan starfsfólks

Niðurstöður um líðan félagsfólks Bárunnar sem missti vinnuna á HSU eru settar fram á tvöskónar hátt. Annarsvegar fjöldi þeirra sem fann fyrir aðspurðum einkennum í fyrirlögn að vori og hausti. Auk þess er líðan Bárufélaganna borin saman við líðan bankastarfsmanna sem misstu vinnuna í kjölfar bankahrunsins og er þar notast við meðaltöl (Ásta Snorradóttir, 2009).

Tafla 6 sýnir að stuttu eftir uppsögn sögðust fjögur af fimm finna fyrir kvíða, þrjú af fimm fyrir tíðum höfuðverkjum, tvö af fimm fyrir svefnerfiðleikum, þungum áhyggjum og depurð, eitt af fimm fyrir þrekleysi og vöðvabólgu en engin fyrir bakverkjum og hækkuðum blóðþrýstingi. Þremur mánuðum síðar sögðust fleiri en áður finna fyrir vöðvabólgu (þrjú af fimm), verkjum í baki (tvö af fimm) og depurð (þrjú af fimm) en færri fyrir þrekleysi (engin), svefnerfiðleikum (eitt af fimm), þungum áhyggjum (eitt af fimm) og kvíða (tvö af fimm). Svefnerfiðleikar, áhyggjur og kvíði eru allt einkenni sem óryggi um framtíðina getur kallað fram og benda niðurstöðurnar þannig til að andleg vanlíðan vegna þess óryggis sem uppsagnirnar ollu hafi minnkað þegar lengra leið frá.

Tafla 6. Líðan starfsfólks.

	Hlutfall	
	Vor 2021	Haust 2021
Þrekleysi	20% (1 af 5)	0% (0 af 5)
Vöðvabólga	20% (1 af 5)	60% (3 af 5)
Verkir í baki/herðum	0% (0 af 5)	40% (2 af 5)
Tíðir höfuðverkir	60% (3 af 5)	40% (2 af 5)
Svefnerfiðleikar	40% (2 af 5)	20% (1 af 5)
Þungar áhyggjur	20% (2 af 5)	20% (1 af 5)
Kvíði	80% (4 af 5)	40% (2 af 5)
Depurð	40% (2 af 5)	60% (3 af 5)
Hækkaður blóðþrýstingur	0% (0 af 5)	0% (0 af 5)

Í töflu 7 eru mælingarnar á líðan uppsagnarhópsins bornar saman við niðurstöður á líðan bankastarfsfólks eftir bankahrunið 2009 þar sem sami kvarði var notaður (Ásta Snorradóttir, 2009). Það ber að hafa í huga að upplýsingar um miðgildi og spön gildanna úr þeirri rannsókn liggja ekki fyrir. Samanburðurinn sýnir að stuttu eftir uppsagnirnar var líðan Bárufélaganna að meðaltali mun verri (3,00) en líðan bankastarfsmanna eftir hrun að meðaltali (1,78). Niðurstöðurnar sýna einnig að líðan Bárufélaganna hafði að jafnaði skánað nokkuð þegar þrjú mánuðir voru liðin frá uppsögn (2,80) þrátt fyrir að vera enn langt frá því jafn góð og líðan bankastarfsfólksins að jafnaði.

Tafla 7. Líðan starfsfólks: Samanburður við líðan bankastarfsfólks eftir hrun.

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Bankastarfsfólk eftir hrun	2229	1,78	-	-
Bárufélagar HSU				
Vor 2021	5	3,00	3,00	2 - 4
Haust 2021	5	2,80	3,00	1 - 5

3.3 Reynolds starfskvennanna af uppsögnunum og líðan þeirra í kjölfarið

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir um að lýsa eigin upplifun og reynslu af uppsögnunum og breytingunum á gamla vinnustaðnum

Svörin varpa ljósi á að breytingarnar á vinnustaðnum ollu starfsfólkinu vonbrigðum og að uppsagnirnar kölluðu fram depurð, kvíða og/eða áhyggjur af framtíðinni. Tveir þátttakendur lýstu reynslu sinni af uppsögninni á þennan hátt:

mér finnst [þetta] ömurlegt og er rosalega reið inní mér þegar ég hugsa út í þetta allt, það eru sveiflur, döpur, kvíði hvað verður mikil vöðvabólga?

Var döpur og hafði áhyggjur af að missa vinnuna sem mér leið vel í. Hef ennþá kvíða yfir að fá ekki aðra vinnu.

Það kemur líka fram í svörunum að sumum þeirra finnst ósannjarnt að þeim hafi verið sagt upp eftir að hafa staðið í framlínunni og hætt heilsu sinni í kórónuveirufaraldrinum. Þau upplifa uppsagnirnar sem refsingu og það má lesa á milli línanna að þeim finnist þau hafa verið svikin:

allt síðasta ár og þangað til við hættum er búið að vera covid en mér líður eins og við höfum ekkert gert eða gert allt svo illa. Að fá þetta í hausinn eftir mjög krefjandi ár, streita og stress, kvíði. Finnst eins og það sé verið að refsa okkur fyrir hvað við höfum staðið okkur illa.

Önnur tók í sama streng:

Síðast en ekki síst skil ég ekki hvernig er hægt að fara svona illa með fólk (segja því upp), sem á erfiðum tímum (þegar heimsfaraldur skall á) var í framlínu, í mestri áhættu og var ekki hrætt við að þrifa staði þar sem þeir sem höfðu veikt (af Covid) dvöldu á áður (...). Þetta fannst mér erfiðast, ósanngirnin gagnvart okkur.

Þá kemur fram í svörunum að þeim finnist erfitt að þurfa að slíta tengslin við hvoru tveggja samstafsfélkið og við gamla félagið sem þau önnuðust á heilbrigðisstofnuninni. Fyrir starfsfólk af erlendum uppruna kom gamla félagið gjarnan í staðinn fyrir aldraða ættingja sem þau þurftu að yfirgefa þegar þau komu til Íslands:

Ég er hér ein með manninum mínum og börnunum og þegar ég var að fara á fætur á morgnana til að fara í vinnu leið mér eins og ég væri að fara til að þrifa heima hjá ömmu minni og afa. Ég er leið yfir að sjá þau ekki lengur.

Í seinni fyrirlögninni voru þátttakendur beðnir um að lýsa hvernig þeim hefði vegnað eftir uppsagnir.

Einn þátttakandi hafði orðið fyrir því að vera sagt upp aftur. Einum þátttakanda hafði gengið vel, annar farið á lífeyri. Ein var komin með tímabundið starf en var enn í óvissu með sitt starfsöryggi. Loks var einn þátttakandi sem var komin með nýtt starf en við starfsaðstæður voru mun verri og vinnan erfiðari. Loks hafði ein þeirra sem var sagt upp störfum hjá HSU samband við Vörðu. Hún vildi ekki taka þátt í könnuninni en vildi koma stöðu sinni á framfæri. Hún lýsti alvarlegum afleiðingum uppsagnarinnar og aðdraganda hennar. Hún hafi fengið

annað starf eftir uppsögnina en starfsskilyrði svo slæm að hún varð að hætta störfum og er nú óvinnufær vegna veikinda sem hún rekur til langvarandi álags. Reynsla hennar var þungbær og hún lýsti því hvernig hún hefði rekist á veggum alls staðar þar sem hún kom í kjölfar erfiðleika sinna.

4 Samantekt

Markmið þessarar könnunar var að kanna fjárhagsstöðu og líðan félagsfólks Bárunnar sem var sagt upp störfum hjá HSU í upphafi árs í kjölfar þess að breytt var upp rekstarfrom á stofnuninni. Könnunin var lögð fyrir í tvígang, að vori skömmu eftir að uppsagnirnar áttu sér stað og aftur að hausti. Niðurstöðurnar sýna að fjárhagsstaða Bárufélaganna eftir uppsagnirnar var svipuð og fjárhagsstaða atvinnulausra félagsmanna innan aðildarféлага ASÍ og BSRB síðla árs 2020 en hins vegar mun verri en líðan launafólks innan aðildarfélaganna tveggja sem og en Báruféлага almennt. Það er hins vegar athyglisvert að mælingarnar tvær sem gerðar voru á fjárhagsstöðu Bárufélaganna sýndu ekki sömu breytingu á fjárhagsstöðunni yfir það þriggja mánaða tímabil sem skoðað var. Efnislegur skortur hjá uppsagnarhópnum jókst að meðaltali á tímabilinu en uppsagnarhópnum gekk hins vegar að meðaltali nokkuð betur að ná endum saman þegar þrjú mánuðir voru liðnir frá uppsögn en í kjölfar hennar. Ein skýring á því ósamræmi gæti verið að er líða tók á hafi tekjumissirinn verið farinn að bíta í og þau skorið niður útgjöld til þess að tryggja að endar nái saman (Moisio, 2004). Heilt yfir skánaði atvinnustaða hópsins hins vegar á tímabilinu. Við upphaf þess voru fjögur af fimm atvinnulaus eða að bíða eftir að komast á atvinnuleysisbætur en þremur mánuðum síðar var engin á atvinnuleysisbótum og tvö af fimm höfðu fengið vinnu á sömu eða betri kjörum en áður.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að líðan uppsagnahópsins var að meðaltali mun verri en líðan bankastarfsmanna eftir hrun en einnig að líðanin hafði að jafnaði skánað nokkuð þegar þrjú mánuðir voru liðnir frá uppsögn þrátt fyrir að vera enn langt frá að ná líðan bankastarfsmannanna. Uppsagnirnar komu flatt upp á starfsfólkið. Það fann fyrir vonbriðgum, depurð og kvíða fyrir framtíðinni í kjölfar þeirra og fannst jafnvel að verið væri að svíka það eftir að hafa staðið í framlínunni í fyrstu bylgjum COVID faraldursins. Þá fannst þeim erfitt að þurfa að slíta tengslin við samstarfsfólkið og gamla fólkið sem það sinnti á stofnunni. Fyrir starfsfólk af erlendum uppruna kom gamla fólkið í staðinn fyrir aldraða ættingja sem þau þurftu að yfirgefa þegar þau komu til Íslands.

Heimildaskrá

- Ásta Snorradóttir. (2009). *Líðan, heilsa og umhverfi starfsfólks í bönkum og sparisjóðum*. Reykjavík: Vinnueftirlit ríkisins.
- Bos, A., Boselie, P. og Trappenburg, M. (2017). Financial performance, employee well-being, and client well-being in for-profit and not-for-profit nursing homes: A systematic review. *Health Care Management Review*, 42(4). Sótt af https://journals.lww.com/hcmrjournal/Fulltext/2017/10000/Financial_performance_employee_well_being_and.8.aspx
- Ettman, C. K., Abdalla, S. M., Cohen, G. H., Sampson, L., Vivier, P. M. og Galea, S. (2020). Low assets and financial stressors associated with higher depression during COVID-19 in a nationally representative sample of US adults. *Journal of Epidemiology and Community Health*, jech-2020-215213. doi:10.1136/jech-2020-215213
- Eurostat. (e.d.). *European Union statistics on income and living conditions (EU-SILC)*. Sótt af <https://ec.europa.eu/eurostat/web/microdata/european-union-statistics-on-income-and-living-conditions>.
- Frankham, C., Richardson, T. og Maguire, N. (2020). Psychological factors associated with financial hardship and mental health: A systematic review. *Clinical Psychology Review*, 77, 101832. doi:<https://doi.org/10.1016/j.cpr.2020.101832>
- Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2021). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaganna ASÍ og BSRB*. Reykjavík: Varða, Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.
- Moisio, P. (2004). A Latent Class Application to the Multidimensional Measurement of Poverty. *Quality and Quantity*, 38(6), 703-717. doi:10.1007/s11135-004-5940-7
- Neuman, W. L. (2006). *Social Research Methods: Qualitative and Quantitative approaches (Sixth Edition)*. Boston: Pearson, Allyn and Bacon.
- Quinlan, M. og Bohle, P. (2009). Overstretched and Unreciprocated Commitment: Reviewing Research on the Occupational Health and Safety Effects of Downsizing and Job Insecurity. *International Journal of Health Services*, 39(1), 1-44. doi:10.2190/HS.39.1.a
- Sigursteinsdóttir, H., Rafnsdóttir, G. L. og Jónsdóttir, G. A. (2017). Changes in occupational mental and physical health and health symptoms during the economic recession. *Work*, 56(4), 603-615. doi:10.3233/WOR-172523
- Snorradóttir, Á., Tómasson, K., Vilhjálmsson, R. og Rafnsdóttir, G. L. (2015). The health and well-being of bankers following downsizing: a comparison of stayers and leavers. *Work, Employment and Society*, 29(5), 738-756. doi:10.1177/0950017014563106
- Snorradóttir, Á., Vilhjálmsson, R., Rafnsdóttir, G. L. og Tómasson, K. (2013). Financial crisis and collapsed banks: Psychological distress and work related factors among surviving employees—A nation-wide study. *American Journal of Industrial Medicine*, 56(9), 1095-1106. doi:10.1002/ajim.22210

Wilson, J. M., Lee, J., Fitzgerald, H. N., Oosterhoff, B., Sevi, B. og Shook, N. J. (2020). Job Insecurity and Financial Concern During the COVID-19 Pandemic Are Associated With Worse Mental Health. *Journal of Occupational and Environmental Medicine*, 62(9). Sótt af https://journals.lww.com/joem/Fulltext/2020/09000/Job_Insecurity_and_Financial_Concern_During_the.4.aspx